

M A T S G E R Ð

á arðskrá fyrir

Veiðifélag Búðardalsár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006
um lax- og silungsveiði:
Ásgeir Magnússon héraðsdómari
Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi
Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 26. febrúar 2008, fór Benedikt Eyjólfsson, fyrir hönd Veiðifélags Búðardalsár, fram á það við matsnefnd að gerð yrði ný arðskrá fyrir veiðifélagið. Beiðni um þetta var samþykkt á aðalfundi félagsins sama dag.

Í samræmi við framanritað og með tilliti til laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 tók matsnefnd þetta erindi til meðferðar.

Matsnefnd sendi bréf til Veiðifélags Búðardalsár, dags. 31. júlí 2008, þar sem óskað var eftir helstu gögnum varðandi vatnasvæðið. Síðar verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

2. Vettvangsganga

Matsmenn fóru í vettvangsferð með Búðardalsá 22. október 2008. Formaður veiðifélagsins, Benedikt Eyjólfsson, fór með matsmönnum og sýndi þeim veiðisvæðið. Einnig hittu matsmenn á vettvangi Þórunni Hilmarsdóttur, Skarði, og Boga Kristinsson Magnussen, en þau mættu þar sem fulltrúar eigenda jarðarinnar Barms.

Búðardalsá á Skarðsströnd er ein af fjölmörgum veiðiám í Dalasýslu. Hún er að uppruna hrein dragá. Upptök hennar eru í fjalllendi í 500-600 m hæð yfir sjávarmáli. Áin er talin um 14 km að heildarlengd og vatnasvið um 66 km². Fjölmargar ár og lækir falla í Búðardalsá. Þeirra stærst er Hvarfsdalsá en hún fellur í hana um 4,6 km frá sjó. Vatnsmagn Búðardalsár hefur ekki verið mælt, en meðalsumarrennslið hefur verið áætlað um 1,5 m³/s. Farvegur hennar er fremur brattur og eykst hallinn eftir því sem ofar dregur.

Af fyrirbyggjandi gögnum kemur fram að Búðardalsá hafi áður fyrr verið nær algjörlega ófiskgeng en tveir háir fossar eru neðst í ánni, neðan við þjóðveginn. Neðri fossinn, Arnarfoss, er um fjórir metrar á hæð en sá efri, Sundafoss, um sjö metrar. Á árunum 1974 og 1975 var mikið átak gert í ræktun árinna er fiskvegir voru settir í þessa fossa. Var neðri fiskvegurinn gerður með því að sprengja rás fram hjá Arnarfossi, en sá efri er steiptur þrepastigi. Með gerð fiskveganna opnaðist um 11-12 km búsvæði fyrir fisk ofan fossanna. Í athugun, sem gerð var á ánni árið 1999, var talið líklegt að fiskvegurinn við Arnarfoss væri gönguhindrun fyrir laxinn og var fiskvegurinn þá lagfærður með því að sprengja hvílustaði í farveginn. Eftir þá framkvæmd tók lax að ganga í meira magni upp á efra svæðið og lengra fram ána. Hefur laxveiði aukist mjög mikið í ánni hin allra síðustu ár.

Vettvangsgangan hófst við ós árinna og var þaðan haldið upp með ánni og veiðistaðir skoðaðir. Matsmenn skoðuðu þá fiskvegi sem gerðir hafa verið og áður hefur verið lýst. Komið var að Hvarfsdalsá, en síðan farið áfram upp með Búðardalsá. Endaði vettvangsgangan við innsta veiðistað árinna, Svarfaðarhyl.

3. Matsfundur

Að ósk matsnefndar, og í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga um lax- og silungsveiði, boðaði stjórn Veiðifélags Búðardalsár veiðiréttareigendur til fundar með nefndinni hinn 11. maí 2009. Var fundurinn haldinn í Reykjavík. Til fundarins komu eftirtaldir aðilar sem fulltrúar eftirgreindra jarða: Benedikt Eyjólfsson vegna Búðardals I og II, Hermann Karlsson vegna Hvarfsdals, Símon Sigurpálsson vegna Hvarfsdals, Hvalgrafa og Tinda, og Páll Magnússon vegna Hvalgrafa og Hvarfsdals. Fulltrúi eiganda Barms boðaði bréflaga forföll á fundinn en tók í bréfi sínu fram að hann gerði ekki athugasemdir við skipan matsnefndar.

Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndar yrði háttað. Spurt var hvort gerðar væru athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins. Engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er. Þá var spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki. Enginn ágreiningur kom fram varðandi þessi atriði. Á fundinum voru lögð fram og kynnt eftirtalin gögn: Samþykktir Veiðifélags Búðardalsár, skrá yfir aðila að félaginu ásamt heimilisföngum, veiðitölur eftir veiðistöðum fyrir árin 1997 til og með 2008, bakkalengd hvernjar jarðar, kort af veiðisvæðinu, gildandi arðskrámat, leigusamningur um ána, búsvæðamat og skýrslur Veiðimálastofnunar um lífríki árinna.

4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Búðardalsár. Félagið starfar samkvæmt samþykktum sem staðfestar voru á stofnfundi félagsins og voru í samræmi við þágildandi lög nr. 76/1970. Félagið nær til allra jarða sem land eiga að vatnasvæði Búðardalsár. Í samþykktunum er ekki að finna frekari skilgreiningu á því hver mörk félagssvæðisins séu. Á matsfundi var félagsmönnum bent á að gera bæri nýjar samþykktir í samræmi við ný lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laganna skal umdæmi veiðifélags við straumvatn ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á, t.d. vegna fiskræktar. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að lax hafi ekki náð að ganga upp fyrir foss merktan nr. 1 á veiðikorti í Búðardalsá né upp fyrir foss í Hvarfsdalsá. Verður því við úthlutun arðs í matsgerð þessari miðað við svæðið frá ósi í sjó að framangreindum efri mörkum.

Samkvæmt samþykktunum er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Fram kemur að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Jafnframt að félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

Gildandi arðskrá er samkvæmt yfirmati frá 31. desember 1986.

5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins eiga eftirtaldar jarðir veiðirétt í Búðardalsá: Hvalgrafir, Tindar, Búðardalur I, Búðardalur II, Barmur og Hvarfsdalur.

6. Rekstur veiðivatna

Með leigusamningi, dags. 9. mars 2007, var veiði í Búðardalsá leigð Búð ehf., Garðabæ, fyrir tímabilið 1. október 2007 til 30. september 2017.

Fram kemur í leigusamningi að árlegt veiðitímabil er 15. júní til 30. september, að hámarki 90 dagar ár hvert. Aðilar geta komið sér saman um að stytta veiðitímamann í efsta hluta árinna teljist það æskilegt fyrir seiðaframleiðslu hennar. Í ánni er heimilt að veiða með tveimur stöngum.

Leigutaki greiðir 2,6 milljónir króna sem leigugjald og skal sú fjárhæð verðtryggð á samningstímanum, miðað við vísitölu neysluverðs í október 2007. Leigusali skal árlega kosta og sleppa allt að fimm þúsund sjógönguseiðum í ána. Þá skal leigutaki setja upp laxateljara, a.m.k. tvö fyrstu ár samningsins. Eigandi Búðardals I og Búðardals II skal eiga rétt á því að kaupa veiðidaga af leigutaka og er sá réttur tilgreindur nánar í samningi. Þá er í samningnum ákvæði um sérstakar greiðslur til eigenda Barmur og Tinda.

Samkvæmt rekstrarreikningum veiðifélagsins fyrir árið 2006 voru tekjur þess um 1,5 milljónir króna og dugði það rúmlega fyrir kostnaði, m.a. vegna seiðakaupa. Enginn arður var greiddur til félagsmanna það ár. Árið 2007 voru tekjur svipaðar og árið á undan og útgreiddur arður til félagsmanna það ár ein milljón króna. Árið 2008 voru heildartekjur 3,4 milljónir króna. Sú hækkun varð annars vegar vegna hærri leigutekna og hins vegar vegna styrks frá Fiskræktarsjóði upp á tæplega 400 þúsund krónur. Það ár var útgreiddur arður til félagsmanna 1,2 milljónir króna.

7. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga lagði formaður matsnefndar fram á matsfundi bréf til allra veiðiréttareigenda þar sem þeim var gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Í framhaldi af fundinum var þeim veiðiréttareigendum sem ekki áttu fulltrúa á fundinum sent bréf sama efnis. Bárust nefndinni annars vegar bréf frá eigendum og lögmanni eigenda Búðardals I, Búðardals II og Barmur og hins vegar frá lögmanni eigenda Hvarfsdals, Hvalgrafa og Tinda.

7.1. Búðardalur I, Búðardalur II og Barmur

Eigendur þessara jarða benda á í bréfi, dags. 5. ágúst 2009, að ötullega hafi verið unnið að ræktun í ánni og hafi veiði þar þróast úr tæplega 50 fiskum að meðaltali árin 1997-2000 í 647 á árinu 2008. Þá benda þeir á að með aukinni fiskgengd hafi efri hluti árinna skilað aukinni veiði og þar hafi nýir veiðistaðir verið gjöfulegir. Taka þeir fram að við mat á veiði í ánni síðustu tíu árin verði að hafa í huga að fyrstu ár þess tímabils gefi ekki rétta mynd af veiðinni. Eðlilegra sé að horfa fremur til allra síðustu ára, eða tímabilsins eftir að markviss uppbygging árinna hafi hafist. Séu allar líkur á að veiði á komandi árum verði líkari veiði síðustu ára en hinna fyrri á þessu tíu ára tímabili.

Þá þurfi einnig að horfa til þeirrar staðreyndar að samkvæmt 23. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 sé veiði óheimil 30 metra fyrir neðan fiskveg og 20 metra fyrir ofan. Engar reglur um afbrigði frá þessu hafi verið samþykktar af veiðifélagi árinna og verið samþykktar af yfirvöldum. Ætla megi að veiði á svokölluðum Palli, sem sé veiðistaður nr. 5, og veiði á veiðistað nr. 7, Kvíslarfossi, falli undir veiði samkvæmt framangreindu lagaákvæði og sé veiði þar því óheimil samkvæmt lögum. Þrátt fyrir að slík veiði hafi verið liðin í ánni þá sé það væntanlega hlutverk veiðifélagsins að stöðva hana, enda sé þess að vænta að yfirstjórn veiðimála muni gera það verði henni ljóst að veiði sé stunduð á þessum veiðistöðum. Af þessu leiði að líta beri framhjá þeirri veiði sem skráð hafi verið á veiðistaði nr. 5 og 7 þar sem ekki megi vænta að þar verði veitt á komandi árum. Jafnframt sé þess að vænta að sá fiskur sem þar veiðist muni þá dreifa sér um alla ána og nýtast sérstaklega fyrir veiðistaði ofan þessara tveggja veiðistaða eða til klaks. Vitna eigendurnir til yfirlits yfir veiðitölur þar sem umræddir veiðistaðir séu ekki teknir með í veiðitölum.

Veiðiréttarhafarnir fullyrða að seiðaframleiðsla árinna fari nánast að öllu leyti fram í ánni sjálfri. Telja þeir þá niðurstöðu sem fram komi í fyrirliggjandi búsvæðamati árinna að 8% seiðaframleiðslunnar megi rekja til Hvarfsdalsár fráleita og byggða á röngum forsendum.

Auk þessa benda eigendurnir á að ekki hafi verið gerðar neinar rannsóknir á gildi eða þýðingu annarra lækja fyrir seiðaframleiðslu árinna. Telja eigendur að verði ákveðið að taka tillit til Hvarfsdalsárinnar sé eðlilegt að skoða aðra læki með tilliti til seiðaframleiðslu.

Þá áréttar eigendur að við mat á bakkalengd Búðardalsár beri að miða við að hún nái að fossi sem sé auðkenndur á teikningu sem númer fimm. Jafnframt að ekki komi til álita að bakkalengd Hvarfsdalsár frá ármótum að fossi, né bakkalengd annarra lækja sem renni í Búðardalsá, geti verið hluti heildarbakkalengdar þegar komi að mati.

Nefndinni barst viðbótarbréf frá lögmanni eigenda Búðardals I, Búðardals II og Barmur, dags. 28. sept. 2009. Þar eru ítrekuð öll fyrri sjónarmið eigendanna. Jafnframt eru settar fram eftirgreindar athugasemdir við þau sjónarmið eigenda jarðanna

Hvarfsdals, Hvalgrafa og Tinda, dags. 26. ágúst 2009, sem getið er um í kafla 8.2 hér á eftir.

Í fyrsta lagi benda þeir á að bann 23. gr. lax- og silungsveiðilaga við veiðum 30 m neðan og 20 m ofan fiskvega sé fortakslaust og óundanþægt nema til komi sú staða sem gerð sé grein fyrir í lokamálslið greinarinnar. Útheimti sú undanþága tvennt: Sérstaka formlega samþykkt veiðifélags og formlegt samþykki Fiskistofu. Hvorugu þessara skilyrða sé fyrir að fara í því tilviki sem hér um ræði. Sérstaklega sé áréttað að möguleg ólögmæt framkvæmd til þessa upphefji ekki ófrávíkjanleg lagafyrirmæli eins og hér um ræði. Að þessu gættu sé ljóst að mögulegar veiðar fyrir veiðistöðum 5 og 7 séu ólögmætar og framangreind sjónarmið eigendanna í bréfi, dags. 5. ágúst 2009, því óhrakin.

Í öðru lagi gæti misskilnings í fyrrnefndu bréfi um túlkun 41. gr. lax- og silungsveiðilaga hvað varði bakkalengd Hvarfsdalsár. Sé þar blandað saman ákvæðum b-liðs 2. mgr. um bakkalengd og c-liðs 2. mgr. um hrygningar- og uppeldisskilyrði. Í tilvitnuðum b-lið segi: „... landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.“ Lykilatriðið við túlkun þessa ákvæðis felist í skýringu á hugtakinu veiðivatn, en það sé skilgreint svo skv. 59. tl. 3. gr. lax- og silungsveiðilaga: „Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.“ Hvarfsdalsá uppfylli eðlilega ekki það skilyrði að þar sé veitt eða verði veitt og megi raunar fullyrða að ætti að taka eitthvert tillit til sjónarmiða í þessa veru bæri að taka tillit til bakkalengdar sérhvers lækjar/þverár á vatnasvæði Búðardalsár sem seiðabúskapur af einhverjum toga sé í. Slík niðurstaða standist ekki lög og sé í andstöðu við þá framkvæmd sem um langt skeið hafi legið arðskrármötum til grundvallar.

7.2. Hvarfsdalur, Hvalgrafir og Tindar

Vegna fyrra bréfsins, sem rakið er í kafla 7.1, ritaði lögmaður eigenda jarðanna Hvarfsdals, Hvalgrafa og Tinda bréf til matsnefndar, dags. 26. ágúst 2009. Þar kemur fram að mótmælt sé þeim staðhæfingum eigenda Búðardals og Barms að við gerð arðskrár fyrir Búðardalsá skuli líta fram hjá skráðri veiði á veiðistöðum nr. 5 og 7. Séu þessar staðhæfingar studdar þeim rökum að samkvæmt 23. gr. laga um lax- og silungsveiði sé lagt blátt bann við veiðum innan tiltekinnna marka frá fiskvegi. Þetta sé alrangt, eins og lokamálsliður 23. gr. laganna beri með sér. Samkvæmt þessu ákvæði, sem komið hafi inn í lögina að undirlagi landbúnaðarnefndar Alþingis, megi setja aðrar reglur um veiðar í námunda við fiskvegi með samþykki Fiskistofu. Feli þetta ákvæði í sér breytingu frá því sem verið hafi skv. 40 gr. eldri laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Veiðistaðir nr. 5 og 7 séu samþykktir veiðistaðir í Búðardalsá og hafi verið um árabíl. Matsnefnd geti ekki horft fram hjá veiði þar við gerð nýrrar arðskrár þar sem ekki sé á valdsviði nefndarinnar að ákveða hvaða veiðistaðir séu í ánni.

Í bréfinu er og mótmælt umfjöllun og fullyrðingum eigenda Búðardals og Barms um að líta eigi fram hjá seiðaframleiðslu í Hvarfsdalsá og í því sambandi bent á skýrslu

Sigurðar Más Einarssonar og Guðna Guðbergssonar frá því í febrúar 2008, sem unnin hafi verið fyrir veiðifélagið. Þar komi fram að með gerð fiskvega hafi um 11 km langt búsvæði opnast fyrir lax í Búðardalsá, auk búsvæða í þveránum, en Hvarfsdalsá sé stærst þeirra. Þá sé á það bent að flest seiðin á flatareiningu hafi veiðst á stöð í Hvarfsdalsá. Vart hafi orðið við alla seiðaárganga frá 0+ til 3+, en eins árs seiði (1+) hafi reynst með lögsta seiðabéttleikann. Samkvæmt þessu séu engin rök til annars en að horfa til seiðaframleiðslu í Hvarfsdalsá.

Þá sé andmælt þeim sjónarmiðum að ekki verði við matið tekið tillit til bakkalengdar Hvarfsdalsár, frá ármótum að fossi, og vísað hvað það varðar í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007. Jafnframt er sögð röng sú fullyrðing að Hvarfsdalsá sé lækjarspræna sem þjóni engum tilgangi fyrir veiði eða seiðabúskap Búðardalsár og mótmælt að ljósmynd, sem lögð hafi verið fram í málinu, hafi einhverja þýðingu.

Nefndinni barst bréf, dags. 16. nóvember 2009, með frekari rökum veiðiréttareigendanna. Er þar ítrekað að allir eigendur Búðardalsár hafi komið sér saman um þá veiðistaði sem nú séu í ánni og veitt þar. Veiðifélagið hafi þar með sett aðrar reglur um veiðar í fiskvegi Búðardalsár en 23. gr. laga um lax- og silungsveiði geri ráð fyrir. Það sé svo á ábyrgð veiðifélagsins að leita samþykkis Fiskistofu fyrir þessum breytingum. Meðan samkomulag sé meðal allra eigenda Búðardalsár um veiðar á tilteknum stöðum, en aðeins skorti hið formlega samþykki Fiskistofu, verði matsnefndin að taka fullt tillit til þeirra. Séu því engin efnisleg rök fyrir því að Fiskistofa geti hafnað veiðistöðum nr. 5 og 7. Saga árinna og veiða í henni sé sönnun þess að það hafi engin áhrif á fiskgengd um ána þótt veitt sé á fyrrgreindum veiðistöðum. Þá sé lögð áhersla á að það sé ekki hlutverk matsnefndarinnar að ákveða veiðistaði í ám, heldur veiðifélaga, og Fiskistofu í undantekningartilvikum. Fari matsnefndin að þessu leyti út fyrir hlutverk sitt og neiti að horfa til veiðistaða nr. 5 og 7 við arðskrámat þetta, sé mat hennar byggt á ólögætum sjónarmiðum og því ólögætt og með öllu óbindandi fyrir veiðiréttarhafa.

Loks er á það bent varðandi bakkalengd Hvarfsdalsár að ekkert sé því til fyrirstöðu að bakkalengd sérhvers lækjar/þverár sem í Búðardalsá renni komi til skoðunar við gerð arðskrár fyrir vatnasvæði hennar, enda mætti veiða þar ef fiskur væri ræktaður í þeim. Í Hvarfsdalsá megi vel veiða og áin hafi sýnt sig að vera mikilvæg fyrir seiðabúskap vatnasvæðisins. Hvarfsdalsá sé veiðivatn í skilningi 59. tl. 3. gr. laga um lax- og silungsveiði og því beri að taka fullt tillit til bakkalengdar hennar við mat nefndarinnar.

8. Skipting arðs

8.1. Almenn

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“

Gildandi arðskrá Búðardalsár er samkvæmt yfirmati frá 31. desember 1986. Þar er arði skipt milli jarða og miðað við 1.000 einingar í heild. Í þessu mati er hins vegar hafður á sá háttur að miða við 10.000 einingar. Hér fer á eftir niðurstaða matsnefndar um það hvernig einingum er skipt með tilliti til einstakra þátta, sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu og tveimur aukastöfum.

8.2. Aðstaða til netaveiði

Ekkert liggur fyrir um lax- eða silungsveiði í net í Búðardalsá og er því ekki úthlutað einingum vegna þess þáttar.

8.3. Aðstaða til stangveiði

Mat á þessum þætti er byggt á tölum frá veiðifélaginu, en skrá um veiði á einstökum veiðistöðum í Búðardalsá var afhent matsmönnum á fyrrnefndum fundi með veiðiréttareigendum 11. maí 2009. Veiðitölurnar eru frá árunum 1997 til 2008. Í skránni er sett upp skipting á veiði milli einstakra jarða á tímabilinu 1999 til 2008 og eru þær tölur lagðar til grundvallar í matinu. Alls höfðu veiðst 2.568 laxar á því tímabili og 2.361 lax skráður á þekkta veiðistaði.

Eigendur Búðardals og Barms telja að við mat á veiði í ánni síðustu tíu ár verði að hafa það í huga að fyrstu ár þess tímabils gefi ekki rétta mynd af veiði í ánni. Eðlilegra sé að horfa fremur til síðustu ára, enda séu líkur á að veiði komandi ára verði líkari veiðinni á því tímabili. Ekki verður fallist á þetta sjónarmið. Nefndin telur að jafnaði eðlilegra að miða við lengri tíma en skemmri þar sem oft séu miklar sveiflur á veiðitölum í einstökum ám, bæði hvað varðar heildarafla og veiði á einstökum veiðistöðum.

Samkvæmt skýrslu frá Veiðimálastofnun hefur einhver silungsveiði verið í ánni, einkum á neðstu svæðum hennar. Ekki er fyrirliggjandi nein skrá um skiptingu hennar milli einstakra jarða og er silungsveiði því ekki látin hafa áhrif í mati þessu.

Eins og fyrr hefur verið rakið hafa eigendur Búðardals I, Búðardals II og Barms krafist þess að litið verði fram hjá þeirri veiði sem er skráð á veiðistöðunum nr. 5 og 7. Byggja þeir kröfu sína á því að skv. 23. gr. lax- og silungsveiðilaga sé bann lagt við

veiði, bæði 20 m ofan og 30 m neðan fiskvegjar. Þessu hafa eigendur Hvarfs, Hvarfsdals og Tinda mótmælt og vísa m.a. til þess að allir eigendur Búðadalsár hafi komið sér saman um þá veiðistaði sem nú séu í ánni og veitt þar.

Ekki sýnist um það ágreiningur að mannvirki það sem hér um ræðir, og er nánar tiltekið renna sem sprengd er í klöpp í árfarveginum, sé fiskvegur í skilningi laganna. Matsnefnd hefur sérstaklega skoðað aðstæður við fiskveginn og framangreinda tvo veiðistaði. Af korti sem sýnir alla veiðistaði árinna, og af öðrum gögnum málsins, verður ráðið að a.m.k. tveir aðrir veiðistaðir séu innan framangreindra lengdarmarkna, 20 m ofan og 30 m neðan fiskvegjarins. Hefur verið veitt á öllum þessum veiðistöðum án nokkurra takmarkana af hendi veiðifélagsins. Með hliðsjón af þessu er það niðurstaða matsnefndar að leggja beri skráðar veiðitölur óbreyttar til grundvallar við útreikning á arði samkvæmt þessum lið matsgerðarinnar. Sérstaklega skal á það bent að banni veiðifélag veiðar á einstökum stöðum í ánni gæti komið til álita að eigendum þeirra veiðistaða yrði bætt slíkt bann með sérstakri úthlutun eininga í arðskrá með vísan til 2. mgr. 49. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 5.200 einingum milli veiðiréttar-eigenda eftir hlutdeild þeirra í laxveiði. Afli sem ekki hefur verið skráður eftir veiðistöðum er ekki talinn með og hefur því ekkert vægi til arðs. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar.

8.4. Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert. Þá er hvað þetta varðar einnig horft til aðgengis að veiðistöðum og verðmætasköpunar einstakra svæða. Loks má benda á að við úthlutun eininga í samræmi við búsvæðamat, sbr. kafla 8.5 hér á eftir, er einingum úthlutað miðað við botngerð og flatarmál vatnsbotns.

Meðal þeirra gagna er matsmenn fengu í hendur á fyrrnefndum fundi með landeigendum er skrá um landlengd jarða við Búðardalsá og Hvarfsdalsá, sem unnin var eftir GPS-punktum. Reyndist heildarlengd Búðardalsár vera um 11,5 km frá ósi í sjó að fossi sem merktur er nr. 1 á veiðistaðakorti. Heildarlengd Hvarfsdalsár var um 2,6 km frá ármótum að fossi.

Eigendur Hvarfsdals, Hvalgrafa og Tinda gera þá kröfu að fullt tillit verði tekið til bakkalengdar Hvarfsdalsár, frá ármótum að fossi. Þessari kröfu hafa aðrir veiðiréttar-eigendur mótmælt.

Eins og fyrr greinir skal, skv. b-lið 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og einnig skv. a-lið 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár, taka tillit til landlengdar að veiðivatni við úthlutun arðs. Samkvæmt 59. tl. 3. gr. laga um lax- og silungsveiði er veiðivatn skilgreint þannig: „Á eða stöðuvatn sem veiði er í, eða mætti í vera ef fiskur væri rækt-aður þar“. Samkvæmt gögnum frá Veiðimálastofnun er farvegur Hvarfsdalsár brattur, áin straumþung og mikið rof í farveginum. Áin sé því afar grýtt og í þurrkatíð geti hún orðið lítil. Lax gangi í ána til hrygningar og sé líklegast að hann hrygni einkum neðst í ánni, en seiði flytji sig smám saman ofar í hana er líði á lífsferilinn. Fundist hafi í neðri hluta árinna seiðaklak á fyrsta ári og eldri seiði í góðum þéttleika. Líklegt sé að lax leiti seint upp ána til hrygningar, þegar haustrigninga fari að gæta, en að hrygningu lokinni færi hann sig aftur niður í aðalána. Lítið sé um veiðistaði í Hvarfsdalsá, og þá helst neðarlega í henni. Gildi hennar til laxveiða sé því lítið og ekki sé vitað til að þar hafi veiðst lax. Helst gæti verið von til að veiða þar fisk seint á veiðitímabilinu.

Enda þótt fyrir liggi að engin veiði hafi verið skráð í Hvarfsdalsá verður, með hliðsjón af framangreindri umsögn Veiðimálastofnunar, að líta svo á að neðsti hluti árinna teljist veiðivatn í skilningi lax- og silungsveiðilaga. Telur matsnefnd því að taka beri nokkurt tillit til bakkalengdar þess hluta árinna við arðskrármat þetta.

Engin gögn liggja fyrir sem benda til þess að litlir hliðarlækir sem falla í Búðardalsá geti talist veiðivatn í framangreindum skilningi og verður því ekki tekið tillit til þeirra við úthlutun eininga vegna bakkalengdar.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.800 einingum milli veiðiréttar-eigenda í samræmi við landlengd Búðardalsár og Hvarfsdalsár. Samkvæmt fyrrnefnd-um viðmiðum ákvarðast vægi bakka Búðardalsár skuli vera 1,0 frá óslínu í sjó að ár-mótum við Hvarfsdalsá, 0,8 næstu 3.600 m þar fyrir ofan og upp fyrir efsta veiðistað í ánni, en 0,6 þaðan að fossi merktum nr. 1 á veiðistaðakorti. Þá þykir hæfilegt að gefa neðsta fjórðungi mældrar bakkalengdar Hvarfsdalsár, frá ármótum að fossi, vægið 0,1 við úthlutun eininga fyrir þennan þátt í matsgerðinni.

8.5. Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra, en jafnan hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að meta gildi þessara skilyrða við arðskrárgerð. Sérfræðilegu mati á búsvæðum er ætlað að bæta þar úr.

Við mat þessa þáttar leggja matsmenn til grundvallar búsvæðamat Veiðimálastofnunar fyrir Búðardalsá. Samkvæmt skýrslu stofnunarinnar, dags. í desember 2006, var vatna-svæðinu skipt niður í einsleita kafla þar sem botngerð og rennslishættir voru með

svipuðum hætti. Á hverjum kafla voru tekin þversnið, þar sem botngerð var metin og skipt í fimm flokka eftir kornastærð, auk þess sem breidd og dýpi árinna var skráð. Gæði botns eru metin mest þar sem mikið er um smágrýti en minnst þar sem leir og sandur er í botni. Hundraðshluti botngilda er þannig metinn 0,55 þar sem mikið er um smágrýti en 0,02 þar sem leir og sandur er í botni. Við útreikninga á gæðum búsvæðanna var hundraðshluti, sem hver kornastærð fékk á hverju svæði, margfölduð með botngildi hvers botngerðarflokks og síðan var margfeldi botngilda og hundraðshluta lagt saman fyrir hvert svæði og fékkst þá svokallað framleiðslugildi. Framleiðslugildið var margfaldað með stærð botnflatar og fékkst þá fjöldi framleiðslueininga svæðisins.

Búsvæði voru metin í Búðardalsá og Hvarfsdalsá svo langt sem fiskur gengur. Töluvert er um litla hliðarlæki, t.d. Harrisargil, Spottsgil, Barmsgil og Tindagil. Þessir lækir eru hins vegar fiskgengir stutta vegalengd og framleiðsluflatarmál þeirra lítið. Var ekki talin ástæða til að meta þá í búsvæðamatinu. Framleiðslueiningum er í búsvæðamatinu skipt niður á jarðir á vatnasvæðinu, alls 7.564 framleiðslueiningum, þar af eru 91,5% í Búðardalsá og 8,5% í Hvarfsdalsá.

Samkvæmt skýrslunni skiptast framangreindar 7.564 framleiðslueiningar í eftirtöldum hlutföllum milli jarða: Tindar 4,97%, Búðardalur 40,77%, Hvalgrafir 11,31%, Barmur 6,66% og Hvarfsdalur 36,30%.

Niðurstaða matsnefndar er að leggja ofangreinda skiptingu framleiðslueininga á jarðir til grundvallar við úthlutun eininga vegna þessa þáttar. Telur nefndin hæfilegt að skipta 2.000 einingum milli veiðiréttareigenda með tilliti til uppeldis- og hrygningarskilyrða. Ekki verður úthlutað einingum vegna hliðarlækja með hliðsjón af því sem áður var rakið.

9. Aðrar kröfur

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari fyrir Búðardalsá umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum er hafnað.

10. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 2.372.064 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Búðardalsár og rennur hann í ríkissjóð.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Arðskrá

fyrir Veiðifélag Búðardalsár

Niðurstaða matsmanna er að arðskrá fyrir Búðardalsá á Skarðsströnd skuli vera sem hér greinir:

	Einingar
Hvalgrafir.....	2.647,12
Tindar.....	1.621,48
Búðardalur I og II.....	3.288,85
Barmur.....	497,76
Hvarfsdalur.....	1.944,79
Samtals	10.000,00

Reykjavík 5. janúar 2010

Örlygur Hnefill Jónsson

formaður

sign.

Ásgeir Magnússon

sign.

Magnús Ólafsson

sign.

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Laxveiði í Búðardalsá 1999-2008 skipt á veiðistaði, afhent matsmönnum á fundi í Reykjavík.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Mæling á bakkalengd Búðardalsár afhent á sama fundi.
2. Kort af Búðardalsá og nágrenni. Bæir, veiðistaðir og örnefni merkt.
3. Skrá um jarðir og eigendur að veiðisvæði Búðardalsár.
4. Búðardalsá, Rannsóknir árið 1999. VMST-V/99016.
5. Búðardalsá, Mat á búsvæðum laxaseiða. VMST-V/0609.
6. Skilagrein, Rannsóknir á laxastofni Búðardalsár á Skarðsströnd árið 2007. VMST-G/08003.

C. Arðskrár

1. Yfirmat á arðskrá fyrir Búðardalsá frá 1986.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf frá eigendum Búðardals I, Búðardals II og Barms, dags. 5. ágúst 2009.
2. Bréf frá lögmanni eigenda Hvarfsdals, Hvalgrafa og Tinda, dags. 26. ágúst 2009.
3. Bréf frá lögmanni eigenda Búðardals I, Búðardals II og Barms, dags. 28. sept. 2009.
4. Bréf frá lögmanni eigenda Hvarfsdals, Hvalgrafa og Tinda, dags. 16. nóvember 2009.

E. Bréf, fundargerðir, samþykktir, leigusamningar og fleira

1. Bréf formanns veiðifélagsins, Benedikts Eyjólfssonar, dags. 26. febrúar 2008. Beiðni um mat Búðardalsár.
2. Bréf matsmanna til stjórnar Veiðifélags Búðardalsár, dags. 31. júlí 2008. Beiðni um gögn.
3. Bréf matsmanna til félagsmanna, dags. 11. maí 2009. Beiðni um gögn.
4. Samþykkt fyrir Veiðifélag Búðardalsár, samþykkt á stofnfundi.
5. Leigusamningur fyrir Búðardalsá, dags. 9. mars 2007.
6. Tölvupóstur frá Sigurði Má Einarssyni hjá Veiðimálastofnun, dags. 1. des. 2009.
7. Rekstrarreikningur Veiðifélags Búðardalsár 2006 til 2008.